



## Fundur háskólaráðs 8. maí 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 05.05.2003

Dags: 08.05.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

8/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 8. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurðsson, María Guðmundsdóttir, Stefán Svavarsson, Ármann Höskuldsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Davíð Gunnarsson, Jóhannes R. Sveinsson og Þórður Harðarson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram gögn frá fundi NUS 19. mars 2003.
- 1.2 Lagður fram samstarfssamningur Háskóla Íslands og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri um kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum.
- 1.3 Lögð fram yfirlitsskýrsla fyrir árin 2001 og 2002 um umhverfisstefnu Háskóla Íslands, frá starfshópi um umhverfisstefnu Háskóla Íslands, apríl 2003.
- 1.4 Lagt fram bréf frá formanni stjórnar Íslensku gæðaverðlaunanna, dags. 3. apríl 2003, þar sem Háskóla Íslands er boðið að taka þátt í matsferli verðlaunanna.
- 1.5 Málefni erlendra stúdenta við Háskóla Íslands.
- 1.6 Lagt fram bréf frá Sigurði Val Ásbjarnarsyni, bæjarstjóra Sandgerðisbæjar, dags. 16. apríl 2003. Óskað er eftir viðræðum um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.
- 1.7 Lagt fram bréf frá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 16. apríl 2003, um rannsókn á jarðhitasvæðum í Brennisteinsfjöllum.
- 1.8 Lögð fram skýrslan „Stúdentar með fjölskylduábyrgð – aðstæður og úrbætur”. Greinargerð starfshóps rektors um mótun fjölskyldustefnu Háskóla Íslands.
- 1.9 Lagður fram dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Gunnars Þórs Jónssonar.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá Davíð Þór Björgvinssyni, formanni stjórnar Mann-réttinda-stofnunar Háskóla Íslands, dags. 9. apríl 2003. Óskað er eftir að háskólaráð kjósi tvo fulltrúa í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá 1. maí 2003.  
Aðalmenn: Davíð Þór Björgvinsson, prófessor,  
Guðmundur Alfredsson, prófessor og forstöðumaður Raoul Wallenberg mannréttindastofnunarinnar í Lundi.  
Til vara: Björg Thorarensen, prófessor.  
- Samþykkt einróma.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Önnu Harðardóttur, skrifstofustjóra læknadeildar, dags. 15. apríl 2003, þar sem óskað er eftir samþykkt háskólaráðs á endurskoðuðum reglum um meistaranám í læknadeild.  
- Frestað.

- 2.3 Lagt fram bréf frá Láru V. Júlíusdóttur hrl., dags. 22. apríl 2003. Óskað er eftir afstöðu háskólaráðs til ákvörðunar læknadeildar Háskóla Íslands frá 15. apríl 2003 að synja Hafje Zogai um að fá að fara í endurtekningarpróf í handlæknisfræði.  
- Samþykkt að óska eftir skriflegri umsögn lögfræðings Háskólans.
- 2.4 Lagt fram bréf frá Óskari Einarssyni, skrifstofustjóra heimspekideildar, dags. 29. apríl 2003. Óskað er eftir breytingum á reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000.  
- Frestað til næsta fundar.
- 2.5 Lagt fram bréf frá Pálma Jóhannessyni, skrifstofustjóra raunvísindadeildar. Óskað eftir því við háskólaráð að dr. Ingrid U. Olsson, prófessor emeritus við Uppsalaháskóla verði kjörin heiðursdoktor við Háskóla Íslands.  
- Frestað.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

- 3.1 Inntökuskilyrði fyrir nám í verkfræðideild, (erindi forseta verkfræðideildar lagt fram á fundi 13. febrúar 2003).  
Anna Soffía Hauksdóttir, fulltrúi verkfræðideildar og raunvísindadeildar í háskólaráði, gerði grein fyrir málinu og framlögðum gögnum.  
Málið var rætt.  
- Inntökuskilyrði fyrir nám í verkfræðideild samþykkt einróma.
- 3.2 Breytingar á reglugerð nr. 171/1968 fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, (gögn lögð fram 10. apríl 2003).  
Málið var rætt.  
- Háskólaráð samþykkir fyrir sitt leyti breytingar á reglugerð nr. 171/1968.
- 3.3 Framtíðarskipan rannsókna í lífvísindum við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir. Skýrsla starfshóps rektors, (lögð fram 10. apríl 2003).  
Þórður Harðarson, fulltrúi heilbrigðisvísindaeilda, gerði rækilega grein fyrir málinu og framlagðri skýrslu starfshóps rektors. Málið var rætt og svaraði Þórður framkomnum spurningum og athugasemdum.

### **4. Önnur mál**

- 4.1 Starfsemi Flugkerfa hf.  
Anna Soffía Hauksdóttir greindi frá því að hún hefði setið aðalfund Flugkerfa hf. í vikunni. Fyrirtækið var stofnað 1997 og er einn þriðji hluti þess í eigu Háskóla Íslands og tveir þriðju hlutar í eigu íslenska ríkisins f.h. Flugmálastjórnar. Fyrirtækið var stofnað sem sprotafyrirtæki byggt á áralöngu samstarfi Kerfisverkfræðistofu Verkfræðistofnunar og Flugmálastjórnar. Fyrirtækið hefur vaxið og eru starfsmenn nú um 30 og starfsemin blómleg.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 15.00